

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 1. mars 1971

um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi baksýnispepla á vélknúnum ökutækjum

(71/127/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Meðal tæknilegra krafna sem vélknúin ökutæki verða að uppfylla samkvæmt landslögum eru ákvæði er varða baksýnispepla.

Þessar kröfur eru mismunandi frá einu aðildarríki til annars. Því er nauðsynlegt að öll aðildarríki samþykki sömu kröfurnar, annaðhvort til viðbótar við gildandi reglur eða í stað þeirra, einkum til þess að sú aðferð við EBE-gerðarviðurkenningu, sem kveðið var á um í tilskipun ráðsins frá 6. febrúar 1970 ⁽³⁾ um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra, geti átt við allar gerðir dráttarvéla.

Reglur um baksýnispepla ná ekki einungis yfir kröfur um uppsetningu slíkra spepla í ökutækjum heldur einnig til smíði þeirra.

Samræmd gerðarviðurkenning fyrir baksýnispepla veitir hverju aðildarríki möguleika á að hafa eftirlit með því að sameiginleg ákvæði um smíði og prófun séu virt og er hinum aðildarríkjunum tilkynnt um niðurstöður

með því að senda afrit af gerðarviðurkenningarvottorði sem gefið er út fyrir hverja gerð baksýnispepla. EBE-gerðarviðurkenningarkerki á öllum speglum sem framleiddir eru í samræmi við viðurkennda gerð gerir tæknilegt eftirlit með þessum speglum óþarft í öðrum aðildarríkjum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Hvert aðildarríki skal veita gerðarviðurkenningu öllum gerðum baksýnispepla sem fullnægja kröfum um smíði og prófun sem mælt er fyrir um 1. lið I. viðauka.

2. Aðildarríki sem hefur veitt gerðarviðurkenningu skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sannprófa, að svo miklu leyti sem nauðsyn krefur, í samvinnu við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum ef þess gerist þörf, að framleidd eintök séu í samræmi við viðurkennda gerð. Slík sannprófun skal eingöngu felast í skyndikönnunum.

2. gr.

Aðildarríkin skulu gefa út til framleiðanda eða fulltrúa hans EBE-gerðarviðurkenningarkerki fyrir hverja gerð baksýnispepla sem þau viðurkenna samkvæmt ákvæðum 1. gr., sem samrýmist fyrirmyndinni sem sýnd er í lið 2.6 í I. viðauka, fyrir framleiðanda eða fulltrúa hans.

Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir notkun merkja sem kunna að valda því að baksýnispeglum sem fengið hafa gerðarviðurkenningu samkvæmt ákvæðum 1. gr. verði ruglað saman við aðra spepla.

3. gr.

1. Aðildarríkjunum er óheimilt að banna markaðssetningu baksýnispepla á grundvelli smíði þeirra eða notkunar-

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 160, 18. 12. 1969, bls. 7.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 48, 16. 4. 1969, bls. 16.⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.

aðferðar ef þeir eru með EBE-gerðarviðurkenningarmerki.

2. Þetta ákvæði kemur þó ekki í veg fyrir að aðildarríki geti gripið til slíkra ráðstafana hvað varðar baksýnis-isspeglar með EBE-gerðarviðurkenningarmerki sem hvað hönnun varðar samræmast ekki viðurkenndri frumgerð.

Viðkomandi aðildarríki skal þegar í stað tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um þær ráðstafanir sem það hefur gripið til og tilgreina ástæður fyrir ákvörðun sinni. Ákvæði 5. gr. gilda einnig.

Ekki er um samræmi við viðurkennda frumgerð að ræða, samkvæmt fyrstu undirgrein hér að framan, sé kröfum í liðum 2.1, 2.2 eða 2.4 í I. viðauka ekki fullnægt.

4. gr.

Lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki skulu innan eins mánaðar senda lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja afrit af gerðarviðurkenningarvottorði fyrir hverja gerð baksýnis-isspeglar sem þau viðurkenna eða neita að viðurkenna.

5. gr.

1. Ef aðildarríki sem veitt hefur EBE-gerðarviðurkenningu kemst að raun um að baksýnissspeglar með eins viðurkenningarmerki samrýmast ekki þeirri gerð sem það viðurkenndi skal það gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framleidd eintök séu í samræmi við viðurkennda gerð. Lögbær yfirvöld þess ríkis skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum í öðrum aðildarríkjunum um ráðstafanir sem gripið hefur verið til og geta, ef nauðsyn krefur, leitt til afturköllunar á EBE-gerðarviðurkenningu. Umrædd yfirvöld skulu grípa til samskonar ráðstafana berist þeim tilkynning frá lögbærum yfirvöldum annars aðildarríkis um slíkan skort á samræmi.

2. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu innan eins mánaðar tilkynna hvert öðru um sérhverja afturköllun á EBE-gerðarviðurkenningu og um ástæður fyrir slíkum ráðstöfunum.

3. Véfengi aðildarríki, sem veitt hefur EBE-gerðarviðurkenningu, skort á samræmi sem því hefur verið tilkynnt um skulu hlutaðeigandi aðildarríki leitast við að jafna þann ágreining. Framkvæmdastjórninni skal látin í té vitneskja um málið og skal hún, ef þörf krefur, boða til viðeigandi samráðsfunda til að ná samkomulagi.

6. gr.

Allar ákvarðanir teknar samkvæmt ákvæðum sem samþykkt eru til framkvæmdar ákvæðum þessarar tilskipunar þar sem synjað er um viðurkenningu fyrir baksýnissspeglar eða hún

dregin til baka eða notkun á slíkum búnaði bönnuð skal rökstyðja ítarlega. Ákvörðun skal tilkynnt hlutaðeigandi aðila og um leið skulu honum kynnt þau lagaúrræði sem hann getur nýtt sér samkvæmt gildandi lögum í aðildarríkjunum og sá frestur sem hann hefur til þess.

7. gr.

Aðildarríkjunum er óheimilt að synja um EBE-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki af ástæðum sem varða baksýnissspeglar þess ef þeir eru með EBE-viðurkenningarmerkið og eru festir á í samræmi við þær kröfur sem mælt er fyrir um í 3. lið í I. viðauka.

8. gr.

Í þessari tilskipun merkir „ökutæki“ öll vélknúin ökutæki sem ætluð eru til aksturs á vegum, með eða án yfirbyggingar, á fjórum eða fleiri hjólum, sem eru hönnuð fyrir hámarks- hraða yfir 25 km/klst., að undanskildum ökutækjum sem fara eftir teinum, landbúnaðardráttarvélum, landbúnaðar- tækjum og vélbúnaði til opinberra verklegra framkvæmda.

9. gr.

Allar breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að laga kröfur I., II. og III. viðauka að tækniframförum skal samþykkja samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 13. gr. tilskipunar ráðsins frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra.

10. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari innan átján mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

11. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 1. mars 1971.

Fyrir hönd ráðsins,

M. SCHUMANN

forseti.

I. VIÐAUKI

1. SKILGREININGAR

- 1.1. Með „baksýnispegli“ er átt við búnað sem veitir góða útsýn að baki innan sjónsviðs sem er rúmfræðilega skilgreint í lið 3.5. hér á eftir og sem íhlutar ökutækisins eða ökumaður eða farþegar skyggja ekki á.
- 1.2. Með „innri baksýnispegulum“ er átt við búnað eins og þann sem skilgreindur er í lið 1.1 og er komið fyrir í farþegarými ökutækisins.
- 1.3. Með „ytri baksýnispegulum“ er átt við búnað eins og þann sem skilgreindur er í lið 1.1 og er settur upp utan á ökutækinu.
- 1.4. Með „tegund baksýnispegla“ er átt við alla baksýnispegla sem hafa einn eða fleiri sameiginlega eiginleika eða hlutverk. Innri baksýnispeglar eru af tegund I, ytri baksýnispeglar af tegund II og III.
- 1.5. Með „ökutæki í flokki A“ er átt við öll ökutæki með tæknilega leyfilega hámarksþyngd yfir 3,5 tonnum.
- 1.6. Með „ökutæki í flokki B“ er átt við öll ökutæki með tæknilega leyfilega hámarksþyngd undir 3,5 tonnum.
- 1.7. Með „sjónpunktum ökumanns“ er átt við tvo punkta sem eru 65 mm hvor frá öðrum og 635 mm fyrir ofan H punkt ökumannssætis samkvæmt skilgreiningu í III. viðauka. Bein lína sem sameinar punktana tvo liggur hornrétt á lóðrétta lengdarmiðju ökutækisins. Miðja línunnar sem sameinar sjónpunktana tvo er í lóðréttu lengdarplani sem liggur í gegnum miðju stýrishjóls. Ef þetta plan liggur ekki í gegnum miðju ökumannssætis skal hliðra því á viðeigandi hátt.
- 1.8. Með „R“ er átt við meðaltal aðalbogaradíusa, mælt frá miðju spegilsins í millímetrum.

2. ÁKVÆÐI VARÐANDI EBE-GERÐARVIÐURKENNINGU Á BAKSÝNISPEGLUM

2.1. Almennar forskriftir

- 2.1.1. Allir baksýnispeglar skulu vera stillanlegir.
- 2.1.2. Brún endurvarpsflatar skal vera í umgerð með ávölum kanti sem er að minnsta kosti 3,5 mm.
- 2.1.3. Á íhlutum ytri baksýnispegla mega ekki vera útstæðir hlutar með bogaradís undir 3,5 mm.

2.2. Stærðir

2.2.1. Innri baksýnispeglar (tegund 1)

Stærð endurvarpsflatarins skal vera nægileg til að þar sé unnt að draga réttthyrning þar sem önnur hliðin er 4 cm og hin

$$15 \text{ cm} \times \frac{1}{1000} \\ 1 + \frac{\quad}{R}$$

2.2.2. *Ytri baksýnispeglar* (tegundir II og III)

2.2.2.1. Stærð endurvarpsflatarins skal vera nægileg til að þar sé unnt að draga

— 4 cm háan rétthyrning með grunnlengd sem er mæld í sentímetrum og hefur gildið „a“,

— feril sem er samsíða hæð rétthyrningsins með lengd sem er mæld í sentímetrum og hefur gildið „b“,

2.2.2.2. Lágmarksgildi „a“ og „b“ eru gefin í töflunni hér á eftir:

Tegund baksýnis-spegla	Flokkar ökutækja sem baksýnispeglar eru hannaðir fyrir	a	b
II	A	$\frac{17}{1 + \frac{1.000}{R}}$	20
III	B	$\frac{13}{1 + \frac{1.000}{R}}$	7

2.3. **Endurvarpsflötur og endurvarpsstuðlar**

2.3.1. Endurvarpsflötur skal afmarkast af ferli með venjulegri kúptri lögun.

2.3.2. Endurvarpsflötur verður að halda þeim eiginleikum sem mælt er fyrir um í lið 2.3.5 við venjulega notkun þrátt fyrir óhagstæð veðurskilyrði.

2.3.3. Endurvarpsfletir skulu vera flatir eða kúptir speglar. Munur milli aðalbogaradýsa má ekki vera meiri en 0,25 R í hverjum punkti á aðalhluta spegilsins.

2.3.4. Meðaltalið R á bogaradýsum sem skilgreindir eru í lið 1.8 hér á undan má ekki vera minna en:

— 1 800 mm fyrir baksýnispeglar af tegund II,

— 1 200 mm fyrir baksýnispeglar af tegund I og III.

2.3.5. Venjulegur endurvarpsstuðull endurvarpsflatar má ekki vera minni en 35%. Ef spegillinn er með tvær stillingar („dagur“ og „nótt“) má venjulegur endurvarpsstuðull í næturstillingu ekki vera minni en 4%. Baksýnispeglar verða að vera þannig að unnt sé að þekkja liti á umferðarljósum.

2.4. **Prófanir**

2.4.1. Þol baksýnispegla gegn höggum og sveigjum á spegilumgerðinni skal prófa á þann hátt sem lýst er í liðum 2.4.2 og 2.4.3.

2.4.2. *Höggprófun*

2.4.2.1. Lýsing á prófunarbúnaði.

2.4.2.1.1. Prófunarbúnaðurinn samanstendur af kólfi sem gerður er úr armi með hamarshaus á endanum. Undirstaða sem er vandlega fest við umgerð kólfsins er notuð til að klemma prófunarsýnishornin (mynd 1).

Helstu stærðir höggprófunarbúnaðar*Mynd 1*

2.4.2.1.2. Fremsti hluti hamarsins sem notaður er í höggprófuninni verður að hafa kúlulaga yfirborð sem er $165 \text{ mm} \pm 5 \text{ mm}$ í þvermál. Hann skal vera ósveigjanlegur, með 5 mm þykku gúmmílagi með „Shore-“ hörkuna A 50.

2.4.2.1.3. Höggmiðja kólfsins fellur saman við miðju kúluflatarins á enda hamarsins. Fjarlægð hennar frá snúningsási kólfsins er $1 \text{ m} \pm 10 \text{ mm}$. Heildarmassi kólfsins við sveiflumiðju er $m_o = 6,8 \pm 50 \text{ g}$ (sambandið á milli m_o og heildarmassa m kólfsins og fjarlægðarinnar „ l “ á milli þungamiðju kólfsins og snúningsáss hans er gefið sem

$$m_o = m \frac{l}{a}.$$

2.4.2.2. Lýsing á prófuninni

2.4.2.2.1. Baksýnispeglar eru klemmdir við stoðina á þann hátt að hún hindri ekki hreyfingu hreyfanlegra hluta baksýnispegilsins. Aðferðin sem notuð er við að klemma baksýnispegilinn við stoðina og stilla arminn er sú sem mælt er með af þeim aðila sem afhendir baksýnispegilinn til prófunar.

2.4.2.2.2. Þegar baksýnispeglar eru með búnaði til að stilla fjarlægðina frá grunnfleti skal búnaðurinn stilltur á minnstu fjarlægð.

2.4.2.2.3. Prófunin er fólgin í því að hamar er látinn falla úr hæð sem samsvarar 60° kólfhorni frá lóðréttu þannig að hamarinn hæfi baksýnispegilinn þegar kólfurinn nær lóðréttri stöðu en höggpunktur hamarsins er á línu sem liggur lárétt í gegnum sveiflumiðju kólfsins.

2.4.2.2.4. Högg er sett á baksýnispegla við eftirfarandi mismunandi skilyrði:

2.4.2.2.4.1. Innri baksýnispeglar

Prófun 1 — Hornrétt á yfirborð spegilsins þegar höggpunkturinn er þannig að höggið á spegilinn fari í gegnum punktinn þar sem umgerðin er fest á arminn eða festinguna. Högginu er beint að endurvarpsfletinum.

Prófun 2 — Á brún umgerðarinnar þannig að höggið myndi 45° horn við spegilflötinn og sé í láréttu plani sem liggur í gegnum punktinn þar sem umgerðin er fest á arminn eða festinguna. Högginu er beint að endurvarpsfletinum.

2.4.2.2.4.2. Ytri baksýnispeglar

Prófun 1 — Hornrétt á yfirborð spegilsins þegar höggpunkturinn er þannig að höggið á spegilinn fari í gegnum punktinn þar sem umgerðin er fest á arminn eða festinguna.

Prófun 1' — Aftan á spegilinn, á arminn eða festinguna (með hamarinn í sömu fjarlægð frá klemmufletinum eins og í prófun 1 og spegillinn hornrétt á braut sveiflumiðjunnar).

Prófun 2 — Á brún umgerðarinnar þannig að höggið myndi 45° horn við spegilflötinn og sé í láréttu plani sem liggur í gegnum punktinn þar sem umgerðin er fest á arminn eða festinguna. Högginu er beint að endurvarpsfletinum.

2.4.2.2.4.3. Almennar athuganir

2.4.2.2.4.3.1. Miðja spegilsins er notuð sem viðmiðunarpunktur þegar búnaðurinn sem á að prófa er ekki með spegilstingar eða þegar festingarpunktar eru við útjaðar spegilsins.

2.4.2.2.4.3.2. Ef ekki er unnt að framkvæma prófunina sem lýst er í lið 2.4.2.2 er höggpunkturinn færður, í samhverfuplani kólfsins, þannig að lægsti punktur hamarsins sé 40 mm frá klemmufletinum.

2.4.3. Sveigjuprófun á umgerð sem er fest við arm

2.4.3.1. Lýsing á prófuninni

Umgerðinni er komið fyrir lárétt í búnaði þannig að hægt sé að klemma arminn eða spegilstingarnar tryggilega. Á lengri hlið umgerðarinnar skal skorða þann enda sem er næstur armfestingunni með 15 mm breiðri fastri skorðu sem nær yfir alla breidd umgerðarinnar.

Á hinum endanum er annarri skorðu eins og þeirri sem lýst er hér á undan komið fyrir á umgerðinni þannig að unnt sé að setja tilgreint prófunarálag þar á (mynd 2).

Dæmi um tæki fyrir sveigjuþrófun á umgerðum baksýnispegla

Málmklossar

Umgerð

Stillanleg skorða

Stillanleg stoð

Þyngd P

Klemmibúnaður fyrir arm

Mynd 2

2.4.3.2. Prófunarálagið er 25 kg. Því er beitt í eina mínútu.

2.5. Túlkun niðurstaðna

2.5.1. Í öllum prófununum sem lýst er í lið 2.4.2 skal kólfurinn halda áfram að sveiflast eftir höggið og ná a.m.k. 20° horni við lóðrétta línu.

2.5.2. Ef brot kemur í arma eða festingar baksýnispegla við þær prófanir sem lýst er í lið 2.4.2 má sá hluti sem eftir stendur ekki standa meira en 1 cm út frá grunnfleti. Ef spegilarmar eða festingar brotna af má sá hluti sem eftir stendur ekki skaga það mikið út að hann valdi hættu.

2.5.3. Spegillinn má ekki brotna við þær prófanir sem lýst er í liðum 2.4.2 og 2.4.3. Þó má koma brot í spegilinn ef eitt eftirfarandi skilyrði er uppfyllt:

2.5.3.1. Glerbrotin haldast í umgerðinni eða á fleti sem er vel festur við umgerðina og losna ekki frá stærra svæði en 5 mm á breidd.

2.5.3.2. Spegillinn er gerður úr öryggisgleri.

2.6. Gerðarviðurkenningarmerki

- 2.6.1. Gerðarviðurkenningarmerkið skal vera réttthyningur og innan hans skal vera stafurinn „e“ og á eftir honum auðkennistala eða bókstafur þess lands sem veitt hefur gerðarviðurkenningu (1 fyrir Þýskaland, 2 fyrir Frakkland, 3 fyrir Ítalíu, 4 fyrir Holland, 6 fyrir Belgíu og L fyrir Lúxemborg). Einhvers staðar nálægt réttthyningnum skal vera gerðarviðurkenningarnúmer er samsvarar númeri gerðarviðurkenningarvottorðs frumgerðarinnar.
- 2.6.2. Gerðarviðurkenningarmerkið (tákn og númer) skal vera á aðalhluta baksýnispegilsins þannig að það sé óafmáanlegt og auðsjáanlegt jafnvel eftir að baksýnispegillinn hefur verið settur á ökutæki.

Dæmi um EBE-gerðarviðurkenningarmerki¹

Skýringartexti

Spegill með EBE-gerðarviðurkenningarmerki sem er sýnt hér á undan er spegill af tegund I (innri baksýnispegill) sem hefur verið gerðarviðurkenndur í Þýskalandi (e.1) með númerinu 1471.

¹ Númerin á skýringarmyndinni eru einungis til leiðbeiningar.

3. KRÖFUR UM ÁFESTINGU BAKSÝNISSPEGLA Á ÖKUTÆKI

3.1. Almenn

- 3.1.1. Baksýnispeglar skulu festir þannig að þeir haldist stöðugir við venjuleg akstursskilyrði.
- 3.1.2. Ytri baksýnispeglar á ökutækjum í flokki A skulu vera speglar af tegund II og þeir sem eru á ökutækjum í flokki B skulu vera speglar af tegund III.

3.2. Fjöldi

- 3.2.1. Öll ökutæki eiga að vera útbúin bæði innri og ytri baksýnispegli og er ytri speglum komið fyrir á vinstri hlið ökutækisins.
- 3.2.2. Ef ekki er hægt að uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í lið 3.5 með tilliti sjónsviðs innri baksýnispegils skal koma ytri baksýnispegli fyrir á hægri hlið ökutækisins. Í slíkum tilvikum er innri baksýnispegill ekki nauðsynlegur ef hann gefur ekki útsýn að baki.

3.3. Staðsetning

- 3.3.1. Baksýnispeglar á að staðsetja þannig að ökumaður sjái vel veginn fyrir aftan ökutækið þegar hann situr í ökumannssætinu í eðlilegri akstursstöðu.
- 3.3.2. Ytri baksýnispeglar verða að sjást í gegnum hliðarrúður eða þann hluta framrúðunnar sem rúðuburrkan hreinsar. Þetta ákvæði gildir ekki um ytri baksýnispeglar sem eru á hægri hlið ökutækja í alþjóðlegum flokkum M2 og M3 samkvæmt skilgreiningu í tilskipun ráðsins um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra.
- 3.3.3. Þegar um er að ræða ökutæki fyrir vinstri umferð skal ytri baksýnispegli komið fyrir á vinstri hlið ökutækisins þannig að horn sem er ekki yfir 55° myndist á milli lóðréttrar lengdarmiðju ökutækisins og lóðrétts plans sem liggur í gegnum miðju baksýnispegilsins og í gegnum miðju línunnar á milli sjónpunkta ökumannsins.
- 3.3.4. Baksýnispegill má ekki standa út fyrir utanverða yfirbyggingu ökutækisins meira en svo að það sjónsvið sem um getur í lið 3.5 haldist.
- 3.3.5. Þegar neðri brún ytri baksýnispegils er innan við 2 metra frá jörðu, þegar ökutækið er hlaðið, má ytri baksýnispegillinn ekki standa meira en 0,20 metra út fyrir heildarbreidd ökutækisins sem mæld er án baksýnispegla.
- 3.3.6. Með fyrirvara um þau skilyrði sem sett eru fram í liðum 3.3.4 og 3.3.5 mega baksýnispeglar standa út fyrir leyfilega hámarksbreidd ökutækja.

3.4. Stilling

- 3.4.1. Ökumaður skal geta stillt innri baksýnissspegl úr akstursstöðu.
- 3.4.2. Nauðsynlegt er að unnt sé að stilla ytri baksýnissspegl sem staðsettur er á ökumannshlið innan úr ökutækinu þegar hurðin er lokuð. Þó skal vera hægt að festa speglana í rétttri stöðu utan frá.
- 3.4.3. Þær kröfur sem settar eru fram í lið 3.4.2 gilda ekki um ytri baksýnissspegl sem hægt er að setja aftur í fyrri stöðu eftir að hafa færst úr stað, án þess að sérstakar stillingar séu nauðsynlegar.

3.5. Sjónsvið

3.5.1. Almenn

Þau sjónsvið sem skilgreind eru hér á eftir eiga við sjón með báðum augum þannig að augu skoðunaraðila séu á sama stað og „sjónpunktur ökumanns“ samkvæmt skilgreiningu liðar 1.7 hér á undan. Sjónsvið skal ákvarðað þegar ökutækið er tómt fyrir utan einn skoðunaraðila og í gegnum rúður sem eru með heildargegnumferðarstuðul ljóss yfir 70%.

3.5.2. Innri baksýnissspeglar

Sjónsviðið skal vera þannig að ökumaður geti séð a.m.k. 20 m breiðan flöt af láréttum hluta vegarins utan um lóðrétt lengdarmiðju ökutækisins sem nær frá sjóndeildarhring og 60 m aftur fyrir ökutækið (mynd 3).

3.5.3. Vinstri handar ytri baksýnissspeglar

Sjónsviðið skal vera þannig að ökumaður geti séð a.m.k. 2,50 m breiðan flöt af láréttum hluta vegarins sem afmarkast til hægri af plani samsíða lóðréttri lengdarmiðju ökutækisins og liggur í gegnum ysta punkt vinstri megin á ökutækinu og nær frá sjóndeildarhring og 10 m aftur fyrir sjónpunkta ökumanns (mynd 4).

3.5.4. Hægri handar ytri baksýnissspeglar

Sjónsviðið skal vera þannig að ökumaður geti séð a.m.k. 3,50 m breiðan flöt af láréttum hluta vegarins sem afmarkast til vinstri af plani samsíða lóðréttri lengdarmiðju ökutækisins og liggur í gegnum ysta punkt hægri megin á ökutækinu og nær frá sjóndeildarhring og 10 m aftur fyrir sjónpunkta ökumanns.

Að auki, verður ökumaður að sjá 0,75 m af breidd vegarins frá punkti sem er 4 m aftan við lóðréttu planið sem liggur í gegnum sjónpunkta ökumanns (mynd 4).

¹ Æskilegt er að í framtíðinni verði mælt fyrir um að ökumaður eigi að geta stillt ytri baksýnissspegl sem eru ekki með læsibúnaði úr akstursstöðu inni í ökutækinu með dyrnar lokaðar.

Aðferðin sem mælt er fyrir um í 9. gr. gildir með tilliti til þess að fella þessar endurbætur inn í tilskipunina um leið og einfaldar og hagstæðar aðferðir nást í framleiðslu og uppsetningu spegla á ökutækjum með auknum tækniframförum.

Innri baksýnispegill

Innri baksýnispegill

Tilskilið sjónsvið
við jörðu

Mynd 3

Ytri baksýnispeglar

Hægri handar ytri baksýnispegill

Sjónpunktar ökumanns

Tilskilið sjónsvið við jörðu

Tilskilið sjónsvið við jörðu

Vinstri handar ytri baksýnispegill

Mynd 4

II. VIÐAUKI

GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

.....

Heiti lögbærs yfirvalds

Tilkynning varðandi veitingu, synjun eða afturköllun viðurkenningar á gerð baksýnispegla

.....

.....

.....

.....

Gerðarviðurkenning nr.

1. Viðskiptaheiti eða vörumerki
2. Tegund (I, II, III)
3. Nafn og heimilisfang framleiðanda
-
4. Nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda (ef við á)
-
5. Afhent til gerðarviðurkenningar þann
6. Prófunarstofa
7. Dagsetning og númer skýrslu frá prófunarstofu
8. Dagsetning veitingar/synjunar/afturköllunar á gerðarviðurkenningu¹
9. Staður
10. Dagsetning
11. Eftirfarandi skjöl með gerðarviðurkenningarnúmerinu sem sýnt er hér á undan fylgja með þessu gerðarviðurkenningarvottorði
- (lýsingar, teikningar, skýringarmyndir og upprættir af baksýnispegli)
12. Athugasemdir

.....
Undirskrift

¹ Strikið yfir það sem á ekki við.

III. VIÐAUKI¹**PRÓFUNARADFERÐ VIÐ ÁKVÖRÐUN H-PUNKTSINS****1. Skilgreining**

„H“ punkturinn, sem gefur til kynna staðsetningu sitjandi manneskju í farþegaryminu, er skurðpunktur lóðréttis lengdarplans og fræðilegs snúningsáss milli leggja og bols á mannlíkani.

2. Ákvörðun H-punkta

2.1. Ákvarða skal H-punkt fyrir ökumannssæti.

(2.1.1.)

(2.1.2.)

2.2. Í hvert skipti sem H-punktur er ákvarðaður er viðkomandi sæti sett í venjulega akstursstöðu sem framleiðandi mælir fyrir um og ef hægt er að halla sætinu skal það sett í þá stöðu sem er næst því að vera lóðrétt.

3. Lýsing á mannlíkaninu

3.1. Nota skal þrívítt mannlíkan með þyngd og lögum fullorðins karlmanns af meðalhæð. Slíkt mannlíkan er sýnt á mynd 1 og 2.

3.2. Mannlíkanið er sett saman úr:

3.2.1. tveimur íhlutum, þar sem annar líkir eftir baki og hinn eftir sitjandanum, sem snúast um ás sem líkir eftir liðamótum á milli bols og læris. Skurðpunktur þessa áss á hlið mannlíkansins er H-punkturinn;

3.2.2. tveimur íhlutum sem líkja eftir fótleggjum og snúast miðað við íhlutann sem líkir eftir sitjandanum;

3.2.3. tveimur íhlutum sem líkja eftir fótum og eru tengdir fótleggjum með samskeytum sem líkja eftir öklum;

3.2.4. að auki skal íhlutinn sem líkir eftir sitjandanum vera með hallamæli svo sannprófa megi þverstillinguna.

3.3. Setja skal lóð sem hvert um sig samsvarar þyngd hvers líkamshluta á rétta staði til að fá rétt þyngdarhlutföll þannig að heildarþyngd mannlíkansins fari upp í um það bil 75,8 kgf (74,4 daN). Upplýsingar um ýmsar þyngdir eru gefnar í töflunni við mynd 2.

¹ Texti í III. viðauka er svipaður og í reglugerð nr. 14; einkum er skipting í liði sú sama. Af þessum ástæðum eru númer liða í reglugerð nr. 14 sem eiga sér ekki hliðstæðu í þessari tilskipun gefin í svígum í III. viðauka til áréttingar.

4. Mannslíkani komið fyrir

Þrívíðu mannslíkaninu er komið fyrir á eftirfarandi hátt.

- 4.1. Ökutækið er haft á hallalausum fleti og sætið stillt eins og mælt er fyrir um í lið 2.2.
- 4.2. Áklæði er sett yfir sætið sem á að prófa til að auðveldara sé að koma mannslíkaninu fyrir á réttan hátt.
- 4.3. Mannslíkanið er sett á sætið.
- 4.4. Fótum mannslíkansins er komið fyrir á eftirfarandi hátt:
 - 4.4.1. Hægri fóturinn er settur á eldsneytisgjöfina í hvíldarstöðu og vinstri fætinum komið þannig fyrir að hallamælir sem sannprófar þverstillingu mannslíkansins sýni lárétta stöðu.
 - (4.4.2.)
 - (4.4.3.)
 - 4.5. Lóðum er komið fyrir á lærum, þverplan sitjanda er stillt á lárétt og lóðum er komið fyrir á íhlutum sem líkja eftir sitjandanum.
 - 4.6. Mannslíkanið er fært frá sætisbakinu á hnjáliðunum og baki mannslíkansins hallað áfram. Mannslíkaninu er aftur komið fyrir í sætinu með því að renna sitjandanum afturábak þar til mótstaða fæst og hallast bak mannslíkansins þá aftur að sætisbakinu.
 - 4.7. Álag, um það bil 10,2 kgf (10 daN), er tvisvar sinnum sett lárétt á mannslíkanið. Svarta örin á mynd 2 sýnir stefnu álagsins og álagspunkt.
 - 4.8. Lóð á hægri og vinstri hliðar svo og lóð fyrir bolinn eru sett á rétta staði á meðan þverplani mannslíkansins er haldið láréttu.
 - 4.9. Með lárétt þverplan sitjandans er baki mannslíkansins hallað fram þar til lóðin á bolnum eru fyrir ofan H-punktinn svo að komið sé í veg fyrir núning við sætisbakið.
 - 4.10. Bak mannslíkansins er fært varlega afturábak á ný og er þá lokið við að koma henni fyrir. Þverplan mannslíkansins skal vera lárétt. Ef svo er ekki skal endurtaka aðgerðina sem lýst er hér á undan.

5. Niðurstöður

- 5.1. Þegar mannslíkaninu hefur verið komið fyrir eins og lýst er í lið 4 er H-punktur sætisins H-punktur mannslíkansins.
- 5.2. Cartesiushnit H-punkta skulu mæld með innan við 1 mm nákvæmni. Það sama gildir um eiginleikahnit og nákvæmt skilgreinda punkta í farþegarými. Varp þessara punkta í lóðréttu lengdarplani skal dregið upp í línuriti.

Íhlutar þrívíðs mannlíkans

Bak

Hengi fyrir lóð á bol

Lengdarplan

H punktur

Liðás

Þverplan

Sitjandi

Þyngdarpúði fyrir læri

Hnéliður

Mynd 1

Stærð og þyngd mannlíkans

39,47 cm

Stefna álags
og álagspunkturbreytilegt
frá 10,8 cm
upp í 42,4 cm

39,31 cm

43,2 cm

41,7 cm

Mynd 2

Þyngd mannlíkans

Íhlutar sem líkja eftir baki og sitjanda
Lóð á bol
Lóð fyrir sitjanda
Lóð fyrir læri
Lóð fyrir fótleggi

	kg
Íhlutar sem líkja eftir baki og sitjanda	16,6
Lóð á bol	31,2
Lóð fyrir sitjanda	7,8
Lóð fyrir læri	6,8
Lóð fyrir fótleggi	13,2
	—
Alls	75,6